

Heimildir til flýtingar á framkvæmdum
09 483

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun ábyrgðaraðila	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Heimildir til flýtingar á framkvæmdum
Fjárlagaliðurinn er í umsjón
Fjármála- og efnahagsráðuneytisins
kt. 550169-2829
Arnarhvoli við Lindargötu, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun ábyrgðaraðila

Fjárlagaliðurinn Heimildir til flýtinga á framkvæmdum er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs í umsjón Fjármálaráðuneytisins.

Starfsemi fjárlagaliðarins fellur undir málefnavið 34 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 503,6 milljónir og afkoma kr. 503,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 503,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 2.848,1 milljónir.

Stofnað var til liðarins vegna þingsályktunar um sérstaks tímabundins fjárfestingarátaks árið 2020 sem náði fram til 2021. Liðurinn ber ekki útgjöld heldur er millifærð fjárveiting af liðnum til ríkisaðila þar sem fjárfesting eða fjármagnstílfærsla á sér stað. Fjárveiting liðarins nam 17,9 ma.kr. og ráðstafað var um 15,1 ma.kr. á árinu 2020. Gert er ráð fyrir að öll staðan á liðnum verði millifærð að fullu á árinu 2021.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Heimilda til flýtinga á framkvæmdum í samræmi við lög um opinber fjármál.

Skrifstofustjóri staðfestir hér með ársreikning Heimilda til flýtinga á framkvæmdum fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Guðrún Ögmundsdóttir
Skrifstofustjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga	2	<u>503.600.000</u>
Tekjur samtals		<u>503.600.000</u>
Gjöld samtals		<u>0</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		503.600.000
Afkoma ársins		<u><u>503.600.000</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	1.1.2020
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	3	<u>2.848.100.000</u>	<u>0</u>
Veltufjármunir samtals		<u>2.848.100.000</u>	<u>0</u>
Eignir samtals		<u>2.848.100.000</u>	<u>0</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	4	<u>503.600.000</u>	<u>0</u>
Eigið fé samtals		<u>503.600.000</u>	<u>0</u>
 Skuldir			
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	5	<u>2.344.500.000</u>	<u>0</u>
Skuldir samtals		<u>2.344.500.000</u>	<u>0</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>2.848.100.000</u>	<u>0</u>
 Aðrar upplýsingar			
	6		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020
Rekstrarhreyfingar		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Afkoma ársins		503.600.000
		<u>503.600.000</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:		
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		0
Tengdir aðilar		(503.600.000)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir		0
		<u>(503.600.000)</u>
		<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		0
Handbært fé í byrjun árs		0
		<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2020

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins 503.600.000

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjáraukalög	0	0	5.245.000.000	5.245.000.000
Heilmildir til flýtinga fjárheimilda	0	0	(4.741.400.000)	(4.741.400.000)
Fjárveiting til tekna	0	0	503.600.000	503.600.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	0	0	0	0
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	0	0	503.600.000	503.600.000

3 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila. 31.12.2020 1.1.2020

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	2.848.100.000	0
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	0	0
	<u>2.848.100.000</u>	<u>0</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	0	0
	<u>0</u>	<u>0</u>

4 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	1.1.2020
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	0	0
Afkoma ársins	503.600.000	0
Jöfnuður 31.12.	<u>503.600.000</u>	<u>0</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

5 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í forni afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	1.1.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	0	0
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ..	2.344.500.000	0
	<u>2.344.500.000</u>	<u>0</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	0	0	0
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	2.344.500.000	2.344.500.000
	<u>0</u>	<u>2.344.500.000</u>	<u>2.344.500.000</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 0 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

Skýringar

6 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gert skuldbindandi samninga.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.